# Gjörðabók gjörðardómsnefndar
# Vatnsveita / Lössl & Kjöge 1909

Aðfnr. 1306

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók
gjörðardómsnefndar

Vatnsveita / Lössl & Kjöge

1 9 0 9

.712.2.033.075.15
(094.9)

.077.5 - .8~~24.11.628.14~~

Aðfnr. 1306

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN BÆJARINS
1306

Ár 1909 laugardaginn hinn 22. maí átti nefnd sú, er kosin hefir verið til að gjöra út um ágreining milli vatnsveitunefndar Reykjavíkur og entreprenör O. V. Kjöge f. h. Lösel og Kjöge, fund með sjer. Mættir voru formaður nefndarinnar skrifstofustjóri Eggert Briem og verkfræðingur Th. Krabbe. Hinn 3. maður í nefndinni sím[a]stjóri O. Forberg hafði forföll og gat ekki mætt á fundinum.

Lagt var fram:

Nr 1. Samningur milli Borgarstjórans í Rvík og O. V. Kjöge f. h. Lösel og Kjöge um að leggja málið í gjörð og um að þeir hafi kosið vatnsveitunefndin símastjóri O. Forberg og O. V. Kjöge verkfræðing Th. Krabbe dags. 24. maí 1909.

Nr 2. Útborgunarskilmálar

Nr 3. Tilboð um gröft dags. 31.-3.1908 frá G. Lösel og Kjöge.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 4-5 Eptirrit af gjörðabók vatnsveitunefndar ~~da~~ frá 1. april og frá 2. april 1908.

Nr 6. Specielle Betingelser for Lægning af 250 m/m Hovedledning for Reykjavik Vandværk.

– 7. Reikning frá Rössl & Kjöge dags. 30 desbr. 1908.

– 8. Brjef borgarstjóra til gjörðardómsins dags. 7. f. m.

– 9-10. Brjef oddvita gjörðardómsins dags. 16. f. m. til borgarstjórans. með 1 fylgiskjali

–11.-12. Brjef frá ingeniör H. A. Hansen til gjörðardómsins með 1 fylgiskjali (uppdrætti)

– 13. Brjef frá entreprenör O. V. Kjöge til gjörðardómsins dags. 16. ~~mai~~ f. m.

– 14. Brjef frá oddvita gjörðardómsins dags. 19. f. m.

– 15. Brjef dags. 21. f. m. frá V. Kjöge.

Það skal tekið fram að símastjóri O. Forberg og ingeniör Th. Krabbe hafa kosið skrifstofu-stjóra Eggert Briem sem oddamann gjörðardómsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Páll Einarsson &
mættur f. h. vatnsveitunefndar-
innar og af hálfu Lössl & Kjögx
& mættur O. V. Kjögx.
Borgarstjóri Páll Einarsson bað um
frest til að athuga skjöl málsins
og til andsvara.
Var honum veittur frestur til 4. júní
næstkomandi, og lesin skjöl málsins
nr. 1–15.
Fleira ekki fyrirtekið og fundi
slitið.

Eggert Briem. Th. Krabbe

O. V. Kjögx Páll Einarsson

Ár 1909, mánudaginn hinn 7. júní átti
nefndin fund með sjer, og voru mættir bæja-
stjóri O. Forberg og ingeniör Th. Krabbe.
en skrifstofustjóri Eggert Briem var fjar-
verandi á ferð til Ísafjarðar.
Borgarstjóri Páll Einarsson mætti, og skil-
aði aftur skjölunum málsins nr. 1–15.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og lagði fram svar í málinu dags. 6. júní þ.á. & ~~var~~ var merkt nr. 16.

Entreprenör O. V. Kjögx var sömuleiðis mættur. Hann tók fram í tilefni af hinni framlögðu kröfu borgarstjórans að auk pumpunnar hefðu fötur verið notaðar til að ausa með, hjerumbil 3-4 tylftir. Auk þess hafi hann lagt til tjöld handa vinnumönnunum að búa í.

Frekara hafði hann ekki að athuga.

Fundi slitið

Ó. Þorleg. Fr. Krabbe

Ár 1909, föstudaginn hinn 11. júní hjelt gjörðardómurinn í málinu G. Lössl og O. V. Kjögx gegn vatnsveitunefnd Reykjavíkur fund með sjer og að athuguðum skjölum málsins felldi hann svolátandi dóm í málinu.

Um 1., 2., 5., 8. og 9. lið í reikningi G. Lössl og Kjögx er enginn ágreiningur.

Um 3. lið. Vatnsveitunefndin hefir ekki vefengt að akkordshafar hafi sprengt hér þar um rúmlega 790 teningsfet, en vatns-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veitunefndin hefur haldið því fram, að sprengingin sje full borgað með 40 aurum fyrir hvert teningsfet. Gjörðardómurinn álítur þó eptir atvikum hina heimtuðu borgun ekki of háa og ákveður að Zoëga og Kjoge beri hin tilfærða upphæð Kr. 312.00

Aðalágreiningurinn milli málsaðila er um 4., 6. og 7. lið hins framlagða reiknings og nema þessir liðir samantaldir Kr. 3784.05.

Það skal þegar tekið fram að gjörðardómurinn er á þeirri skoðun að vatnsveitunefndinni beri að borga alla vinnu við gröpt á muffuholum þar sem það er beint tekið fram í 4. gr. útboðsskilmálanna að botn skurðsins skuli vera sljettur.

Eptir skýrslu eptirlitsmanns vatnsveitunefndarinnar H. Hansens hefur gengið til vinnu þeirrar, er talin er í 4. og 7. lið reikningsins:

10 menn í 78 daga með c. 10 tíma á vinnu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á dag með 35 aura borgun um klukku-
stund, og gjörir það — Kr. 2730.00
6. liður: 223 tímar á 35 aura — " 78.05
Hjer við ber að bætast leigu á tjöldum og fyrir
áhöld o. fl. — " 200.00
Kr. 3008.05

Þar sem akkorðshafar hafa ekki lagt
fram sundurliðaðan reikning með
fylgiskjölum yfir vinnukostnaðinn
þá verða þeim bæði af þessari
ástæðu og af öðrum ástæðum
annars vegar ekki ákveðin
nein sjerstök borgun fyrir verk-
stjórn og farast því þessir
liðir reikningsins niður um — " 776.00
Kr. 3784.05

Samkvæmt framansögðu ber vatnsveitu-
nefnd Reykjavíkur að greiða Lössl &
Kjöge Kr. 4007.65 ásamt 4% vöxtum
frá 24. marz þ. á. til borgunardags.

Gjörðardómarinn ákveður að taka enga
borgun fyrir starf sitt.

Gjörðardómsmenn til staðfestu undir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rita gjörðardómendur.

Eggert Briem. Ó. Forberg.

Th. Krabbe.

Ár 1909, miðvikudag hinn 8. desbr. mán. hjelt nefndin fund með sjer, er útnefnd hefur verið til að leggja dóm á ágreinings-mál milli bæjarstjórnar Reykjavíkur á aðra hlið og herra entrepenör V. Kjöge á hina hlið. Í nefndinni eru verkfræðingur Jón Þorláksson útnefndur í gjörðardóminn af bæjarstjórn Reykjavíkur, verkfræðingur Th. Krabbe útnefndur af V. Kjöge í dóminn og skrifstofustjóri Eggert Briem sem hefur verið útnefndur oddamaður í gjörðardóminum. Á fundinum eru mættir borgarstjóri Páll Einarsson fyrir hönd bæjarstjórnarinnar og entrepenör V. Kjöge sjálfur.

Borgarstjórinn leggur fram tvo reikninga frá V. Kjöge að upphæð Kr. 710.00 og Kr. 1085.00 með einu fylgiskjali. Þessar upphæðir krafist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Kjöge ad bæjarstjórn Reykjavíkur greiði gjör.
Ennfremur leggur borgarstjóri fram útboðsskilmál-
a um gröft fyrir vatnsveitupípum innan
bæjar í Reykjavík, sjerstaka skilmála um
vinnu að grefti fyrir vatnsveitu Reykjavíkur
frá Elliðaám að Gvendarbrunnum og alm.
Betingelser for Arbejder og Leverancer.
Skjöl þessi voru merkt nr. 1–6.
Ennfremur var lagt fram útboðsskil-
málar um pípulagning fyrir vatns-
veitu Reykjavíkur frá Elliðaám til Gvendar-
brunna, og var merkt nr. 7.
Nr 8. skýrsla bæjarverkfræðingsins dags. 30. okt. þ.á.
Nr 9. skýrsla verkfræðings H. A. Hansens dags.
9. nóvbr. þ. á.
Nr 10. útdráttur úr gjörðabók Reykjavíkur af
fundi 18. f. m.
Nr 11. reikningar útgefnir af Ólafi Pjeturs-
syni að upphæð Kr. 134.35 fyrir
hreinsun á grjóti, er bæjarstjórnin krefur
af O. V. Kjöge.
Nr 12. Skýrsla um ágreiningsmál þetta
útgefin af borgarstjóra Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dags. í dag.
Entreprenör O. V. Kjögx óskaði sjer lánuð hin framlögðu skjöl til athugunar og til þess að svara athugasemdum borgarstjóra.
Var þetta veitt og O. V. Kjögx afhent skjölin nr. 1–12.
Næsti fundur ákveðinn á sama stað kl. 5 hinn 10. þ. m.

Eggert Briem.
Jón Þorláksson   K. Krabbe
Páll Einarsson   O. V. Kjögx

Ár 1909 föstudaginn hinn 10. desbr. ~~átti~~ gjörðarnefndin í af ~~næsta máli á undan~~ í máli þessu fund með sjer.
Mættir voru auk gjörðardómsins O. V. Kjögx og borgarstjóri P. Einarsson.
O. V. Kjögx skilar aptur málsskjölunum nr. 1–12. og leggur fram athugasemdir sem málið dags. 9. þ. m.
Borgarstjóri leggur fram svar við athugasemdir O. V. Kjögx með einu fylgiskjali

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skjöl þessi voru merkt nr. 13–15.
Einn þeirra (leggur borgarstjóri fram) „Alm. Betingelser for Arbejder og Leverancer
Einn þeirra telur borgarstjóri fram að reikningar O. V. Kjögx eigi afsent fram bæjarsjóð. O. V. Kjögx mótmælir að hinar „alm. Betingelser" gildi að þessu leyti meðal annars af þeirri ástæðu að hann hafi fengið þessi skilyrði hvorki hjá borgarstjóra eða ingeniör H. A. Hansen. Borgarstjóri segir að þessi skilyrði hafi legið hjá sjer til yfirlits.

Fleiri höfðu gjaldanir ekki fram að færa og var svo fundi slitið.

Eggert Briem. Jón Þorláksson. K. Krabbe
Páll Einarsson O. V. Kjögx

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909, fimmtudaginn hinn 16. desbr. ~~1909~~ hjelt gjörðardómurinn í málinu

O. V. Kjöga

gegn

Bæjarstjórn Reykjavíkur

fund með sjer til að dæma ágreining nefnds O. V. Kjöga og bæjarstjórnarinnar útaf vatnsleiðslulagningunni frá Elliðaánum til Gvendarbrunna.

Að athuguðum skjölum málsins felldi nefndin svofelldan dóm:

Með 2 reikningum dags. 22. og 24. nóvbr. þ. á. hefir entreprenör O. V. Kjöga krafist þess að bæjarstjórnin greiddi sjer samtals 1395 Kr. fyrir aukavinnu við vatnsveituna á leiðinni frá Elliðaánum til Gvendarbrunna og í skaðabætur fyrir að ~~seinka~~ tefja verk sitt með því að hafa ekki vatnsveituvörð til á rjettum tíma. Bæjarstjórnin hefir neitað að greiða upphæðir þessar að öllu leyti.

1. liður í reikningum Kjöga er Kr. 340.00 fyrir aukasprenging í Rauðhólum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að Ajöga hefir Atli samað með vottorði eptirlitsmanns eða á annan hátt að hann hafi sprengt klöpp í Rauðhólum umfram samning, þá verður þessi liður í kröfu hans ekki tekinn til greina.

2. Verktakandi krefst skaðabóta fyrir verkstöf stafandi af pípnavöntun í 20 daga á 35/00 í dag + 45.00 fyrir aukavinnu við vatnsaustur af sömu orsök.

Fjártakir ~~skilmálar~~ um pípulagning-una, 5. gr., kveða svo að, að pípurnar muni koma til Reykjavíkur í maí næst. og að pípulagningunni skuli lokið fyrir 1. okt. — Nú komu pípurnar í maí en af ástæðum, sem verkstjórinn ekki gat ráðið við urðu þær ónógar, 4 vönt-uðu, sem ekki komu fyr en 26. septbr.

Meirihluti gjörðardómsins álítur að skaðabætur fyrir ofseina afhendingu á pípunum geti því fyrst komið til álita, er pípurnar koma svo seint að verktaki ekki getur lokið verkinu á tilskildum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tíma þess vegna. Þótt verktaki hafi hagað vinnunni með það fyrir augum, að verða búinn 15. septbr., þá ætlast hann ekki þar með neins rjett til þess að bæjarstjórnin eða aðrir verktakar, sem eiga að vinna af hendi efni eða vinnu, sem nauðsynleg er til lúkningar verkinu einsog lagi sínum afhendingum eða sinni vinnu eptir því, sem þarf til þess að verkið geti orðið búið 15. septbr. í stað 1. okt. Halla þann, er verktaki kann að verða fyrir vegna óhentugra ráðstafana sinna í þessu efni verður hann sjálfur að bera.

Síðustu pípurnar komu eins og tekið hefur verið fram 26. septbr. Verktaki gat að vísu lagt þær fyrir 1. október, og var þá með fullnægt tíma ákveðin pípulagningarsamningsins, en hins vegar verður að álíta þennan tíma of nauman til að moka ofaní og vinna af hendi þær aðrar smáaðgjörðir á verkinu, er eðlilegt var að geyma þar til aðalverkinu var lokið, fyrir 1. október. Skaða þann, er verktaki þannig hefur beðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við það að graftrarsamningurinn samkvæmt þessu ekki varð fullnægt fyrir 1. okt. og að áliti meiri hluta gjörðardómsins honum bættur með 100 kr., og bæjarstjórninni ber að greiða.

3. Verktaki hefur þá krafist að fá 60 kr. fyrir að aka burt mold af Elliðavatns-engjum. Þegar af þeirri ástæðu að verktaki hefur ekki lagt fram vottorð eptirlitsmannsins um að hann hafi unnið verk þetta eða að það hafi verið heimtað af honum verður honum engin borgun ákveðin fyrir það.

4. Verktaki krefst þar næst 250 kr. fyrir aukasprengingu undir fyrir vatnsveitupípurnar undir Elliða-ár. Með því að engin sönnun liggur fyrir um það að sprengingar umfram samning hafi verið krafist eða að verktaki hafi í tæka tíð krafist aukaborgunar fyrir þetta verk verður krafa þessi ekki tekin til greina.

5. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur krafist að verktaki endurgreiddi sér Kr. 134.35

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kostnað við að hreinsa grjót af Elliða-
vatnsengjum. Hjer er að ræða um
hreinsun á steinflísum og smágrjóti,
er við sprengingar í skurðinum hefur
tvístrast og hrokkið út um engjarnar með-
fram skurðinum. Verður ekki álitið að
við þetta sje átt í 5. gr. sjerst. skilyrða-
fyrir skurðgreptrinum, enda verður þetta að
teljast undir landsspjöll. Þessa upp-
hæð verður verktaki því ekki skyldaður
til að endurgreiða bæjarsjóði.

6. Þá hefur bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi
sínum 18. f.m. áskilið að haldið sje
eptir í eitt ár umfram hina áskyldu
ábyrgðarsummu 2000 kr. af veði því, er
verktaki hefur sett fyrir verki sínu,
þannig að af þeirri upphæð verði tekið
það, er þarf til að endurbæta skemmdir þær
er kunna að koma fram og orsakast af því
að ofstórt grjót hefur verið ~~sett í~~
látið í skurðinn ofaná vatnspípunum.
Þessu hefur verktaki mótmælt. ~~Kref~~
Krefst hann að allt verð það, er hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefur sett fyrir verkinu, verði eigi af-
hent.

Gjörðardómurinn viðurkennir að vísu, að lítil líkindi sjeu til að skemmdir geti hlotist af því á vatnsleiðslunni að ofstórt grjót hafi verið látið í skurðinn, en þar sem það að áliti meirihluta gjörðardómsins er ekki útilokað að af þessu geti hlotist skemmdir á leiðslunni og það hins vegar verður að álítast upplýst, að fyllt hafi verið með meiru af grjóti en ætlast var til í skilmálunum, þá ákveður meiri hluti gjörðardómsins að bæjarstjórninni sje heimilt að halda eptir af veði því, er verktaki hefur sett 1000 kr. til 1. júlí 1910. til að bæta skemmdir á leiðslunni, er fram ~~orsakast~~ kunna að koma og orsakast af ofstóru grjóti í skurðinum, en við þetta gildir um verkið í heild sinni bæði pípulagninguna og skurðgröft.

7. Eptir því sem fyrirliggur getur verktaki ekki borið neinar rentur hjá bæjarstjórninni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgun af Kjöge kr. 37,50

8. Kostnaður við gjörðardóminn ákveðst 75 Kr., er skiptist jafnt milli málsaðila.

Gjörðardóminum til staðfestu undirrita gjörðardómendur.

Eggert Briem    Fr. Krabbe
Zimsen(?) Lárusson(?)

Ár 1909 hinn 23. desbr. hjelt gjörðardómurinn í málinu

G. Lössl & V. Kjöge
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur

um ágreining um vatnsleiðsluna frá Rauðarhólti til Elliðaánna.

Fyrir gjörðardóminn hafa málsaðilar lagt fram eptirnefnd skjöl:

Nr 1 Brjef frá oeknktökum til gjörðardómsins dags. 9. þ. m.

Nr 2. Brjef frá borgarstjóra Reykjavíkur dags. 15 þ. m. með fylgiskjölum nefnilega:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 3. eptirrit úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar af fundi hennar 18. s.m.
№ 4. Reikningur frá Jósafat Sigurðssyni dags. 10. sept.
№ 5. Útboðsskilmálar við gröft á leiðslunni
№ 6. Skoðun verkfræðings Sig. Thoroddsen dags. 30. okt. þ. á.
№ 7. Skýrsla Gísla Finnssonar og Einars Finnssonar dags. 23. sept. þ. á.
№ 8. Skýrsla H. A. Hansen frá 9. novbr. þ. á.
№ 9. Brjef frá O. V. Kjöge til H. A. Hansen dags 9. nóvbr þ. á.
№ 10. Skýrslur frá borgarstjóra Páli Einarssyni og Knud Zimsen um vatnsveituna og um skýrslu Sig. Thoroddsen (Skjal nr. 6.)
№ 11. Uppdráttur af vatnsleiðslunni gjörðum af Jóni Þorlákssyni.

Partarnir hafa munnlega lýst því yfir við gjörðardómendur að þeir hefðu ekki frekara fram að færa og óskuðu ekki að mæta fyrir gjörðardóminum, en að hann legði dóm sinn á málið eptir fyrirliggjandi skilríkjum.

Ágreiningur málsaðila er um það að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að bæjarstjórnin hefur á fundi 18. f. m. ákveðið, að halda skuli eptir öllu því fje, er verktakendur eiga enn eptir ~~að fá~~ ógreitt af fje því, er þeir höfðu áskilið sjer fyrir vinnu þá er hjer ræðir um og að ~~(Entreprenør O. V. Kjögx hefur hinu vegar krafist að fá fje þetta allt)~~ á meðan svo verði verkið endurbætt að fullu á kostnað verktakanda og það er með þarf verði tekið af byggingarfjenu.

O. V. Kjögx heldur því á hinn hliðina fram fyrir hönd verktakenda að verkið sje í fullgildu lagi, það sje afhent og móttekið af vatnsveitunefnd og bæjarstjórnin hafi því ekki heimild til að halda eptir byggingarfjenu.

Borgarstjórinn hefur í brjefi sínu til gjörðardómsins tekið fram að hann fyrir hönd bæjarstjórnarinnar óski helzt að málið verði afgjört á þann hátt, að gjörðardómurinn meti hvemikið muni kosta að endurbæta verkið svo það verði samningi samkvæmt, en þareð gjörðardómurinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af fyrirliggjandi skjölum fær ekki sjeð hvaða
endurbætur á verkinu bæjarstjórnin heldur fram
að gjöra þurfi til að verkið verði sam-
ningi samkvæmt, þá ákvað gjörðar-
-dómurinn að fara þess á leit við
bæjarstjórann að hann komi fram með
ákveðna og sundurliðaða skýrslu yfir
það ~~hvað~~ hverjar þessar endurbætur sjeu.

Fundi slitið

Eggert Briem. Jón Þorláksson.

N.P. Kirk.

Ár 1910 hinn 9. febrúar hjelt gjörðar-
dómurinn ~~fund með sjer~~

í málinu: G. Lössl og V. Kjöge

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur

um ágreining ~~um~~ vatnsveituna frá Rauðarhólti til Elliðaánna.

~~Allir gjörðardómendur eru mættir~~

fund með sjer.

Allir gjörðardómendur eru mættir.

Frá bæjarstjórn Reykjavíkur er nú komin
ákveðin og sundurliðuð skýrsla yfir hvaða
endurbætur á verki verktakenda bæja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnin heldur fram að gjöra þurfi, til að verkið verði samningi samkvæmt, dags. 8. febr. þ. á.

Í skýrslu þessari gjörir borgarstjóri eptirfarandi kröfur:

1. að verktakandi sje skyldur til að fylla ofaná hauginn yfir pípunum þar sem þær liggja ekki í fullri 4 feta dypt, svo ~~sem~~ mikið sem vantar á að full 4 fet sjeu alstaðar ~~ofaná~~ niður að pípu. Vegalend þessi sje eptir áætlun bæjarverkfræðingsins og vatnsveitunefndar innar 10–12 hundruð metrar. Til þess að bæta ofaná hauginn þurfi að taka upp torf, eða grassvörð, er bæjarstjórnin hefir lagt ofaná og álítur borgarstjóri að þetta verk allt kosti 5–600 kr.
2. að verktakandi greiði allt að 100 kr. til að ~~bæta~~ bæta fyrir það að fylling hefur verið tekin ofan af hauginum eða pípunum.
3. að renna gegnum hauginn sje ófullnægjandi. Til að bæta úr þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarfi allt að 200 kr.
4. Ennfremur krefst borgarstjóri að verktakendar greiði Kr. 149.35 samkvæmt framlögðum reikningi fyrir aðgjört á vatnsrennu í Blesugróf m.m.

Að athuguðum skjölum málsins felldi gjörðardómurinn svolátandi dóm.

Gjörðardómurinn álítur að bæjarstjórnin yrði sjálf að bera kostnað við að taka grassverðinn ofanaf haugnum og leggja torfið á aptur og með tilliti til þess á- ~~hvað gjörða~~ lítur gjörðardómurinn að nægja muni til kosta vantandi uppfyllingu á hauginn yfir ræsunum og til þess að fylla upp þar sem grafið hefur verið ofaní ~~þá~~ pípunum 450 Kr.

Hvað ~~snertir~~ rennu fyrir leysingarvatn snertir þá álítur gjörðardómurinn, að með því að eptirlitsmaður bæjarstjórnarinnar hefði átt jafnóðum og verkið var unnið að ákveða hvar rennur ~~væru~~ ættu að setja gegnum hryggina og hvernig þær ættu að vera gjörðar - en ~~þá~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo verdur ad líta á, ad eptirlitsmenn bæjarstjórnarinnar með verki þessu hafi gjört sig ánægða með rennur þær, er verktakendur hafa sett, þá ~~álítur~~ þá ber ~~að~~ verktakendum ~~beri~~ ekki úr þessu að umbæta eða fjölga rennum þessum.

Hvað að endingu snertir upphæð þá Kr. 149.35, er kostað hefur að endurbæta vatnsveituna í Blesugróf, og í Grensáshálsi, þá álítur gjörðardómarinn að verktakendur beri að greiða þessa upphæð, þareð hvergi er getið um skemmdir á verkinu er fram væru komnar áður en verkið var afhent.

Samkvæmt framansögðu ber verktakendum G. Lossl & V. Kjöja að greiða 450 Kr. + 149 Kr. 35 a. eða samtals Kr. 599.35.

Þessa upphæð má bæjarstjórnin taka af byggingarfjenu, er verktakendur hafa sett, en að öðru leyti ber að afhenda verktakendum það til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfir umráð.

~~Gjörðardómúrinn til staðfestu~~

Kostnaður við gjörðardóminn ákveðst 75 Kr. Þar af ber Lössl og Kjögx að greiða 50 Kr. og bæjarsjóði 25 Kr.

Gjörðardómurinn til staðfestu undirskrifa gjörðardómendur.

Eggert Briem. Jón Jakobsson. O. Forberg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur